

Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

08-03-2002	Að til TJ og JW Cc: MG Subj: RE: Kaupþing Lux – aður Arcadia	Tölva TJ	<p>Sæll Tryggvi,</p> <p>Það er eitt mál sem gott væri að fá á hreint áður en 12 mán. uppgjörið verður klárað.</p> <p>Þann 29.12.2000 seldi Baugur til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia á genginu 0,85 fyrir 2.635.000 GBP eða ca 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða ca 544 millj. kr. Þessar upplýsingar hef ég frá minnisblaði sem Linda útbjó. Við höfum ekki fengið önnur fylgiskjöl um málið. Í uppgjöri A Holding voru hlutabréfin bókfærð sem framlag Baugs og voru þau færð á genginu 1,35. Líklega eru þetta bréfin sem Íslandsbanki var með. Átt þú eintak af kaupsamningnum?</p> <p>Í des. sl. gerði Baugur hf. lánsamning við Kaupþing hf. upp á 20.239.779 USD en 15.239.779 USD er greiðsla vegna Bonus Stores og 5.000.000 USD er greiðsla á skuld Baugs við Kaupthing Lux. eina skuldin sem við vorum með skráða við Kaupthing Lux voru áður nefndar 4.185.000 GBP. Það er því spurning hvort þessir 5.000.000 USD tengjast hlutabréfakaupunum eða einhverju öðru máli. Ég var búin að senda fyrirspurn á Eggert í Lux um málið og vísaði hann á þig og Magnús til að svara því.</p> <p>Greiðslan vegna Bonus Stores var bókuð hjá Baug Holding sem skuld við Kaupþing. Núna er lánið tekið í nafni Baugs hf. Baugur er því aftur farinn að skulda verulegar fjárhæðir í erl. mynt. Hvaða ástæða var fyrir því að lánið var tekið í nafni Baugs hf. ?</p> <p>Kveðja, Anna</p>	31
------------	---	----------	--	----

Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

11-03-2002	TJ til AP og JW Cc: MG Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia	Tölva TJ	<p>Sæl verið þið. Þið sjáið svör mín fyrir aftan hvern punkt. Með kveðju Tryggvi.</p> <p><i>Sæll Tryggvi,</i></p> <p><i>Það er eitt mál sem gott væri að fá á hreint áður en 12 mán. uppgjörið verður klárað.</i></p> <p><i>Þann 29.12.2000 seldi Baugur til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia á genginu 0,85 fyrir 2.635.000 GBP eða ca 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða ca 544 millj. kr. Þessar upplýsingar hef ég frá minnisblaði sem Linda útbjó. Við höfum ekki fengið önnur fylgiskjöl um málið. Í uppgjöri A Holding voru hlutabréfin bókfærð sem framlag Baugs og voru þau færð á genginu 1,35. Líklega eru þetta bréfin sem Íslandsbanki var með. Átt þú eintak af kaupsamningnum? [Tryggvi Jónsson] Við seldum bréfin til Kaupþing í lok 2000, það er rétt. Í janúar 2001 var síðan tekin ákvörðun um A Holding og þá var sami fjöldi bréfa keyptur til baka, en í millitíðinni hafði gengið hækkað. Eins og þú þekkir þá sá Jón Ásgeir alveg um A Holding pakkann. Hvort hann er með samning í sínum fótum veit ég ekki, en dreg mjög í efa. Líklega tengjast þessi bréf ekki neitt Íslandsbanka.</i></p> <p><i>Í des. sl. gerði Baugur hf. lánsamning við Kaupþing hf. upp á 20.239.779 USD en 15.239.779 USD er greiðsla vegna Bonus Stores og 5.000.000 USD er greiðsla á skuld Baugs við Kaupthing Lux. eina skuldin sem við vorum með skráða við Kaupthing Lux voru áður nefndar 4.185.000 GBP. Það er því spurning hvort þessir 5.000.000 USD tengjast hlutabréfakaupunum eða einhverju öðru máli. Ég var búin að senda fyrirspurn á Eggert í Lux um málið og vísaði hann á þig og Magnús til að svara því. [Tryggvi Jónsson] Já, þessi skuld tengist A Holding, en síðan voru örugglega nokkur fleiri mál, þ.e. fjárfestingar, sem Lux lagði út fyrir og verið var að ganga frá. Eins og ég sagði þér um daginn ætla ég að fara til Lux við fyrsta tækifæri og fá botn í þessa flækju í eitt skipti fyrir öll.</i></p> <p><i>Greiðslan vegna Bonus Stores var bókuð hjá Baug Holding sem skuld við Kaupþing. Núna er lánið tekið í nafni Baugs hf. Baugur er því aftur farinn að skulda verulegar fjárhæðir í erl. mynt. Hvaða ástæða var fyrir því að lánið var tekið í nafni Baugs hf. ? [Tryggvi Jónsson] Góð spurning. Upphaflegt lán vegna Bonus Stores er raunar í gegnum Nebrasco, dótturfélag Baugur Holding, en á því hefur orðið breyting. Skipta átti Bonus Stores fjárfestingunni í tvennt (þ.e. ordinary shares og preferred shares). Eggert var með það á sinni könnu að finna út hvar við ætluðum að hafa þessareignir staðsettar, þ.e. hvar átti að mynda söluhagnað (preferred shares verða að tvöföldum ordinary shares á næstu árum og helmingurinn síðan seldur) og hvar átti að hafa bréf staðsett sem skila arðgreiðslum. Við höfum rætt Lux, Ísland og Holland en ekkert ákveðið hefur enn komið út úr þessu. Þetta er líka eitt af því sem verður til umfjöllunar þegar við Mangús hittumst.</i></p> <p><i>Kveðja, Anna Kveðja Tryggvi</i></p>	31
------------	--	----------	--	----

Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

14-05-2003	TJ til AÞ Cc: JÁJ, SH og JW Subj: RE: A Holding SA	Tölva TJ	<p>Sæl.</p> <p>Ég skal skoða þessar 5 millj. dollara, en 1 millj. af þeim var vegna Urð, Verðand, Skuld. Sjá sérstakan póst frá Jóhönnu sem ég sendi afrit á þig. Ég ræddi við Magnús í Lux í dag og vonandi er restin að skýrast.</p> <p>Hvað varðar bréfin í Arcadia þá var ég búinn að senda Stefáni skýringu á því. Í stuttu máli er það þannig:</p> <p>Á árinu 2000 keypti Baugur í Arcadia þessa 3.100.000 hluti. Kaupin voru fjármögnuð með framvirkum samningi í Íslandsbanka. Þegar kom að því að greiða hann var ákveðið að selja hlutinn. Kaupþing keypti og gerði upp skuldina og við fengum hagnað í okkar bækur.</p> <p>Það var síðan ekki fyrr en seinni hluta janúar, eftir að Jón Ásgeir, Bjarni Ármanns og Hreiðar höfðu þælt í málinu, að ákveðið var að ráðast aftur í Arcadia bisnessinn. Í lok janúar var A Holding stofnað. Í samningnum var gert ráð fyrir að við legðum fram sem stofnhlutafé það sem við höfðum átt í Arcadia. Gallinn var sá að við vorum búnir að selja og þurftum því að kaupa aftur. Í millitíðinni hafði gengið hækkad.</p> <p>“Réttu” færslan hefði því átt að vera sú að Baugur kaupir þessi bréf og leggur þau inn í A Holding. Hér kemur (óstaðfest) væntanlega skýring á \$5 millj. skuldinni að einhverju leyti.</p> <p>Kveðja Tryggvi</p>	34
14-05-2002	AÞ til TJ Cc: JÁJ, SH og JW Subj: RE: A Holding SA	Tölva TJ	<p>Af hverjum keyptuð þið aftur Arcadia bréfin? Hvernig voru þau greidd? Eru til samningar um þessi mál?</p> <p>Kveðja Anna</p>	
14-05-2002	TJ til AÞ Cc: JÁJ, SH og JW Subj: RE: A Holding SA	Tölva TJ	<p>Ég er ekki klár á því. Þetta var eitthvað sem (að ég held) Bjarni Ármanns og Jón Ásgeir gengu frá. Kaupþing Lux veit þetta betur (út frá því hverjir eru vörsluaðilar þessara bréfa), en ég held égi fullyrða að við höfum keypt í gegnum Íslandsbanka. Þeir hafa síðan væntanlega keypt þetta á markaði af mörgum aðilum.</p> <p>Kveðja Tryggvi</p>	

Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

14-05-2002	AÐ til TJ Cc: JÁJ, SH og JW Subj: RE: A Holding SA	Tölva TJ	Við höfum ekki séð gögn í bókhaldi Baugs hver sé kröfuhafinn vegna kaupanna en á minnisblaði Lindu er talað um Kaupthing Lux. Þess vegna datt mér í hug að þetta tengdist þessum 5.000.000 USD. Mikið væri það dj.. gott að fá einhver skjöl um málið. Kveðja Anna	34
14-05-2002	TJ til AÐ Cc: JÁJ, SH og JW Subj: RE: A Holding SA	Tölva TJ	Reynum aftur: <ol style="list-style-type: none">1. Haustið 2000 kaupir Baugur 3.100.000 bréf í Arcadia í gegnum Íslandsbanka. Fjármagnað með framvirkum samningi sem gildir fram í desember 2000. Kaupverðið líklega að meðaltati um 0,45 pund. Einhvers staðar hlýtur að vera til pappír um þetta a.m.k í bankanum.2. Í lok desember seljum við Kaupþing Lux. þessi bréf. Þeir greiða upp framvirka samninginn við Íslandsbanka. Söluverð er 0,85 pund þannig að hagnaður var umtalsverður. Þar sem samningurinn var í Íslandsbanka voru bréfin væntanlega á nafni þess banka. Pappírar eru því væntanlega til hjá bönkunum.3. Í lok janúar 2001 kaupum við sama magn af bréfum af Kaupþingi og leggjum þau inn í A Holding. Og hana nú. Tryggvi	